



1530. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
13.6.2012, kl. 12:00.

- 1. Fundargerð 1529. fundar**
Samþykkt.
- 2. Heimsókn stjórnar ÍTR.**
Stjórn ÍTR kom í heimsókn til ÍBR s.l. föstudag. Kynnt var starfsemi ÍBR, farið yfir nokkur atriði varðandi aðgerðaáætlun fyrir stefnumótun til 2020 og kynntir Smáþjóðaleikar í Reykjavík 2015.
- 3. Formannafundur ÍBR**
Samþykkt að fresta fundi til haustsins og taka þá fyrir rekstrarúttekt, stefnumótun og samninga við Reykjavíkurborg.
- 4. RIG –skýrsla 2012 og minnisblað framkvæmdanefndar.**
Lögð fram skýrsla leikanna 2012. Minnisblað um hugmyndir um að halda leikana á tveimur helgum í stað einnar. Málið rætt og lagt til að óska eftir drögum að dagskrá.
- 5. Ársuppgjör Reykjavíkumaraþons.**
Lagt fram.
- 6. Erindi Gauta Þormóðssonar vegna fyrirhugaðrar stofnunar hokkídeildar.**
Málið rætt og samþykkt að fela framkvæmdastjóra að svara.
- 7. Úrsögn Dansíþróttafélagsins Ýr úr ÍBR.**
Lagt fram. Tilkynning verður send til ÍSÍ.
- 8. Samkeppni um mynd á gafi húss ÍBR.**
Málið rætt og frestað.
- 9. Kynningarrit Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Æskulýðsráðs.**
Lagt fram kynningarrit Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Æskulýðsráðs um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómsundasatarfi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:00.

Frímenn Ari Ferdinandsen
fundarritari